

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Biskupstungnahreppi.

Heppsnefnd Biskupstungnahrepps hefur samþykkt deiliskipulag vegna söluskála við Gullfoss í landi Brattholts, Biskupstungnahreppi og deiliskipulag lóða undir gistiheimili og smáhýsi einnig í landi Brattholts, Biskupstungnahreppi.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð skv. ákvæðum 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun skv. lögum nr. 73/1997. Ofangreint öðlast þegar gildi.

Biskupstungnahreppi, 27. nóvember 1998.

Ragnar Sær Ragnarsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag sumarhúsabyggðar í landi Búrfells I og II, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt deiliskipulag sumarhúsabyggðar, svæði 1 í landi Búrfells I og Búrfells II, Grímsnes- og Grafningshreppi. Deiliskipulagið öðlast nú þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 25. nóvember 1998.

Guðmundur Rúnar Svavarsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag sumarhúsabyggðar í landi Svínavatns, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt deiliskipulag sumarhúsabyggðar í landi Svínavatns, Grímsnes- og Grafningshreppi. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 30. nóvember 1998.

Guðmundur Rúnar Svavarsson sveitarstjóri.